

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. október 2013  
Tilvísun: UST20131000083/bs

### Breyting á aðalskipulag - Svínafell, Stafafellsfjöll, Brekka. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

**Brekka** Hér er um að ræða breytingu á hluta svæðis fyrir frístundabyggð í búðasvæði þar sem heimilt verður að byggja eitt íbúðarhús. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa breytingu á aðalskipulagi.


**Frístundabyggð í Stafafellsfjöllum** Ráðgert er að stækka svæði fyrir frístundabyggð og fjölga frístundahúsum um 15-20 frá fyrra skipulagi. Svæðið sem breytingin tekur til er annars vegar á gróðursnaudum aurum og hins vegar í kjarrihöfnu landi. Umhverfisstofnun telur að hlífa eigi kjarri í samræmi við 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, fækka húsum og beina frístundabyggð alfarið á gróðursnauda áraura. Kanna eigi hvort fjölgun frístundahúsa við núverandi sumarhúsabyggð geti haft neikvæð áhrif á ásjón svæðisins og þar með neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um svæðið fara.


**Efnistaka sunnan við Svínafell í Nesjum** Breytingin tekur til klapparsvæðis þar sem ráðgert er að taka allt að 10.000 m<sup>3</sup> af grjóti á um 3.500 m<sup>2</sup> svæði.

Umhverfisstofnun telur að þegar efnistöku lýkur eigi að skilja við klappirnar þannig að þær líkist sem mest óröskuðum klöppum í næsta nágrenni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur